

Föstudaginn 27. nóvember 1998.

Nr. 18/1998.

**Stéttarfélag verkfræðinga**

(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)

gegn

**Reykjavíkurborg og**

(Hjörleifur Kvaran hrl.)

**Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar**

(Gestur Jónsson hrl.)

Kjarasamningur. Félagsaðild.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 24. nóvember sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediksdóttir, Gísli Gíslason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnandi er: Stéttarfélag verkfræðinga, kt. 620269-6629, Engjateigi 9, Reykjavík.

Stefndu eru: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, Reykjavík og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, kt. 620269-2989, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að verkfræðingarnir Heiðar Þ. Hallgrímsson, kt. 270939-7599, Þykkvabæ 18, Reykjavík og Þorgeir Þorbjörnsson, kt. 270349-3239, Vallargerði 30, Kópavogi eigi rétt til launa samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags verkfræðinga við Reykjavíkurborg frá 26. ágúst 1998 að telja og Guðbjartur Sigfússon, kt. 110845-3839, Hálsaseli 49, Reykjavík, eigi rétt til launa samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags verkfræðinga við Reykjavíkurborg frá 27. september 1998 að telja.
2. Að stefndi Reykjavíkurborg verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda Reykjavíkurborgar:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar:

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts.

Upphaflega gerði stefndi kröfu um frávisun málsins, en féll frá henni undir rekstri málsins.

*Málavextir.*

Málavextir eru þeir að þrír starfsmenn embættis borgarverkfræðings, sem allir eru verkfræðingar og höfðu í mörg ár verið félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, sögðu sig úr félaginu og gengu í Stéttarfélag verkfræðinga. Úrsögn Heiðars Þ. Hallgrímssonar og Þorgeirs Þorbjörnssonar var tilkynnt með bréfum dags. 26. maí 1998 og úrsögn Guðbjarts Sigfússonar með bréfi dags. 27. júní 1998.

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda dags. 19. mars 1998 var þess óskað að Reykjavíkurborg viðurkenndi félagatilfærslu þessara þriggja verkfræðinga hjá embætti borgarverkfræðings úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar til Stéttarfélags verkfræðinga. Jafnframt var þess óskað að um launakjör þessara starfsmanna færi samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Stéttarfélag verkfræðinga og að félagsgjöldum af þeim yrði skilað til félagsins.

Með bréfi Reykjavíkurborgar dags. 3. júní 1998 var því hafnað að greiða mönnunum eftir kjarasamningi nýs félags á þeirri forsendu að þeir væru bundnir af kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar til 31. október 2000. Í ljósi þessarar afstöðu stefnda hefur félagsgjöldum verið skilað til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og verður svo til loka samnings tímabils.

Stefnandi fellst ekki á þessi sjónarmið og hefur höfðað mál þetta.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi byggir mál sitt á því að í gildi sé kjarasamningur milli Stéttarfélags verkfræðinga og Reykjavíkurborgar sem stefndi hafi skuldbundið sig til að fara eftir á samningstímabilinu. Allir félagsmenn Stéttarfélags verkfræðinga sem séu í starfi hjá stefnda eigi rétt á að fá laun greidd á grundvelli þess samnings. Samningur þessi hafi verið undirritaður af aðilum 1. apríl 1997 og gildir til 31. mars 2000.

Stefnandi vísar til þeirrar grundvallarreglu að mönnum sé frjálst að vera í því félagi sem þeir kjósi. Þessi réttur sé tryggður í 74. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eins og henni hafi verið breytt með

lögum nr. 97/1995. Í 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sé skýrt tekið fram að atvinnurekendum sé óheimilt að hafa áhrif á stéttarfélagsaðild starfsmanna sinna. Atvinnurekendum sé einnig sérstaklega bannað að hafa afskipti af stéttarfélagsaðild starfsmanna sinna, sbr. samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 98. Mannréttindasáttmáli Evrópu sem hér hafi hlotið lagagildi með lögum nr. 62/1994 verndi einnig félagafrelsi einstaklinga.

Tilvísun stefnda í lög nr. 80/1938 um að stefndi Reykjavíkurborg, sé bundinn af kjarasamningi hans við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar út samningstímabil aðila eða til 31. október 2000 hafi hér enga þýðingu. Lög nr. 80/1938 gildi ekki um félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, heldur gildi um þeirra kjarasamninga lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hvergi í þeim lögum sé kveðið á um það að menn séu bundnir af samþykktum féлага út samningstímabil. Engin ákvæði í kjarasamningnum sjálfum kveði heldur á um þetta eða ákvæði í lögum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Lögjöfnun eigi hér ekki við. Hömlur á félagafrelsi verði að túlka þröngt út frá almennum lögskýringarreglum þar sem slíkt sé undantekning frá meginreglum um félagafrelsi. Ofangreindum starfsmönnum borgarverkfræðings sé því frjálst að segja sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og ganga í Stéttarfélag verkfræðinga. Stefnda, Reykjavíkurborg, beri að virða gerð kjarasamninga og greiða þeim laun samkvæmt því strax frá þeim degi sem umrædd skipti hafi verið tilkynnt atvinnurekanda, enda kveði lög ekki á um aðra skipan.

Stefnandi vísar í dóm Félagsdóms í málinu nr. 16/1995: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn borgarstjóranum í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og málinu nr. 9/1997: Sjúkraliðafélag Íslands gegn Reykjanesbæ og Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar. Þar hafi réttur starfsmanna til að tilheyra fagfélagi stéttar fremur en starfsmannafélagi verið viðurkenndur.

Stefndi Reykjavíkurborg hafi í kjölfar ofangreindra dóma í nokkrum tilvikum heimilað flutning fyrrum félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar yfir í stéttarfélög faghópa. Þannig hafi yfirmaður þjónustudeildar Dagvistar barna flust úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar yfir í stéttarfélag félagsráðgjafa og hafi stefndi samþykkt þann flutning þótt hann hafi farið fram á

gildistíma kjarasamnings stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Það að heimila einum starfsmanni flutning og banna öðrum sé brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og stjórnsýslulögum.

Þess er krafist að frá þeim degi er viðkomandi starfsmenn voru ekki lengur formlega félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, sbr. bréf þeirra til félagsins frá maí og júní 1998 og þá reglu félagsins um þriggja mánaða tilkynningarfrest, verði þeim greitt samkvæmt kjarasamningi stefnanda og stefnda, Heiðari og Þorgeiri frá 26. ágúst 1998 og Guðbjarti frá 27. september 1998. Félagaskiptin hafi átt sér stað fyrir, þeir hafi fengið inngöngu í Stéttarfélag verkfræðinga í janúar 1998, en skiptin hafi ekki verið tilkynnt formlega starfsmannahaldi Reykjavíkurborgar fyrir en með bréfum þann 11. júní 1998 og úrsagnir Heiðars Þ. Hallgrímssonar og Þorgeirs Þorbjörnssonar með bréfum til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar 26. maí 1998 og Guðbjarts Sigfússonar með bréfi til félagsins dags. 27. júní 1998.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla einkamála laga nr. 91/1991.

*Málsástæður og lagarök stefnda Reykjavíkurborgar.*

Af hálfu stefnda Reykjavíkurborgar er sýknukrafa á því byggð að umræddir starfsmenn embættis borgarverkfræðings séu bundnir kjarasamningi til loka októbermánaðar ársins 2000. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborg hafi gert kjarasamning í aprílmánuði 1997 með gildistíma til 31. október 2000. Umræddir starfsmenn embættis borgarverkfræðings hafi verið félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og verið á kjörskrá og átt þess kost að taka afstöðu til kjarasamnings í atkvæðagreiðslu. Af hálfu Reykjavíkurborgar er á því byggt að kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sé skuldbindandi til loka gildistíma fyrir þá félagsmenn sem samningsumboð félagsins hafi tekið til við gerð kjarasamnings. Þannig geti starfsmenn ekki ákveðið á miðju samningstímabili að breyta einhliða kjarasamningsgrundvelli þeim sem laun og önnur starfskjör þeirra byggist á og markaður hafi verið ákveðinn gildistími með gagnkvæmum samningi aðila.

Af hálfu stefnda Reykjavíkurborgar er á því byggt að kjarasamningar Reykjavíkurborgar og viðsemjenda séu bindandi fyrir einstaka félagsmenn þeirra á meðan þeir gegna störfum hjá stefnda

þar til gildistími samnings sé liðinn eða samningur geti fyrst fallið úr gildi fyrir uppsögn. Þá meginreglu megi leiða af ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Sömu meginreglu megi og leiða af ákvæði 6. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til þeirra laga komi m.a. fram sá skilningur að samningar nýrra félaga geti ekki öðlast gildi fyrr en gildistími kjarasamnings eldra félags sé liðinn. Stefndi telur enn fremur framangreinda meginreglu leiða af grundvallarreglum samningaréttar um skuldbindingargildi samninga.

Af hálfu stefnda Reykjavíkurborgar er á það bent að verði fallist á kröfu stefnanda í máli þessu sé vikið frá grundvallarreglum um skuldbindingargildi kjarasamninga og áhrifum þeirra. Í því sambandi bendir stefndi á að við gildistöku kjarasamnings sé grundvöllur lagður fyrir launum og starfskjörum félagsmanna hlutaðeigandi stéttarfélags út gildistíma kjarasamnings. Á gildistíma kjarasamnings ríki svokölluð friðarskylda. Verði á stefnukröfu fallist sé ljóst að einstakir félagsmenn stéttarfélaga geti vikið sér undan friðarskyldu eftir undirritun kjarasamnings með því að ákvarða einhliða flutning á milli kjarasamninga. Sé aðstaðan sú að hið nýja félag sé ekki búíð að ljúka gerð kjarasamnings kunni þessir aðilar að hefja samningaviðræður við sama vinnuveitanda á ný undir merkjum annars stéttarfélags. Augljóst sé að slík tilhögun brjóti í bága við tilgang, markmið og þá skuldbindingu sem felist í friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings. Telur stefndi skuldbindingargildi hins fyrri kjarasamnings binda hendur beggja samningsaðila út gildistíma kjarasamnings, þ.e. vinnuveitanda annars vegar og hins vegar stéttarfélags og þeirra starfsmanna sem samningsumboð félagsins hafi náð til.

Ástæða þess að umræddir starfsmenn vilji nú fá greidd laun eftir kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Stéttarfélags verkfræðinga muni vera sú að sá kjarasamningur leiðir til hærri launagreiðslna en samningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Ástæða þess launamunar muni vera sú að Reykjavíkurborg og Stéttarfélag verkfræðinga hafi lokið gerð aðlögunarnefndarsamnings vegna nýs launakerfis. Samsvarandi samningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sé enn ólokið. Sú staða kunni að koma upp að aðlögunarnefndarsamningur Reykja-

víkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar verði í einhverjum atriðum hagstæðari umræddum starfsmönnum embættis borgarverkfræðings. Nái kröfur stefnanda fram að ganga ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að starfsmennirnir gengju þá aftur í Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Slíkur hringlandaháttur sé í ósamræmi við skuldbindingargildi samninga og þann frið og stöðugleika sem á gildistíma kjarasamninga eigi að ríkja. Flutningur starfsmanna á milli kjarasamninga á gildistíma þeirra sé einnig í andstöðu við grundvallarreglur laga og eðli máls.

Í stefnu vísi stefnandi til þeirrar grundvallarreglu að mönnum sé frjálst að vera í því félagi sem þeir kjósa. Telur stefnandi þá meginreglu verndaða af ákvæði 74. gr. stjórnarskrár, 4. gr. laga nr. 80/1938, samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar nr. 98 og mannréttindasáttmála Evrópu sem öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994. Stefndi Reykjavíkurborg tekur undir þau sjónarmið sem stefnandi byggir framangreinda afstöðu á. Stefndi hafi aldrei haldið því fram að umræddir starfsmenn embættis borgarverkfræðings séu ekki félagsmenn í Stéttarfélagi verkfræðinga. Um það atriði varði stefnda engu enda alfarið mál hlutaðeigandi starfsmanna og stéttarféлага. Af hálfu stefnda hafi einungis verið á því byggt að kjarasamningur sá, sem gerður var á milli Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar í aprílmánuði 1997, sé skuldbindandi út gildistíma samnings fyrir þá félagsmenn sem stéttarfélagið hafði samningsumboð fyrir við gerð kjarasamnings. Undir það falli umræddir þrír starfsmenn embættis borgarverkfræðings en óumdeilt sé í máli þessu að þeir hafi verið félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar við gerð kjarasamnings og voru á kjörskrá félagsins við atkvæðagreiðslu um kjarasamninginn. Afstaða stefnanda að þessu leytnu til byggist því á misskilningi. Stefndi Reykjavíkurborg mótmælir því alfarið að í afstöðu hans felist afskipti af félagsaðild starfsmanna eða að með afstöðu sinni séu lagðar hömlur á félagafrelsi þeirra. Ítrekað er að stefndi Reykjavíkurborg telur sig það engu varða í hvaða stéttarfélagi hlutaðeigandi starfsmenn séu félagsmenn. Stefndi Reykjavíkurborg telur sér það skylt að skila félagsgjöldum umræddra starfsmanna til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Af hálfu stefnda Reykjavíkurborgar er mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda að Reykjavíkurborg hafi í nokkrum tilvikum heimil-

að flutning fyrrum félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar yfir í stéttarfélög faghópa. Jafnframt mótmælir stefndi því að brotin hafi verið jafnræðisregla stjórnarskrár og stjórnarsýslulaga vegna þessa. Í því tilviki sem stefnandi nefni er tekið fram að yfirmaður þjónustudeildar Dagvistar barna hafi lagt fram ósk um félagsaðild að Stéttarfélagi félagsráðgjafa þegar í upphafi ráðningar sinnar. Af hálfu Reykjavíkurborgar hafi ekki verið fallist á að Stéttarfélag félagsráðgjafa færi með sammingsumboð vegna þessa starfs. Að þessu leytinu til hafi staða yfirmanns þjónustudeildar Dagvistar barna verið áþekk stöðu forstöðumanns í máli nr. 16/1995: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn borgarstjóranum í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar. Umræddur starfsmaður sé enn félagsmaður í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og greiði félagsgjöld til þess félags.

Af hálfu stefnda Reykjavíkurborgar er á því byggt að aðstæður í málum nr. 16/1995 og nr. 9/1997 séu mjög ólíkar því sem um sé deilt í máli þessu og því styðji þeir dómur ekki kröfu stefnanda.

Til stuðnings sýknukröfu sinni vísar stefndi Reykjavíkurborg m.a. til grundvallarreglna íslensks vinnuréttar um túlkun kjarasamninga. Enn fremur er vísað til grundvallarreglna samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. Þá vísar stefndi til laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, einkum 2. mgr. 3. gr., svo og laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, einkum 6. gr. Málskostnaðarkrafa stefnda byggir á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá vísar stefndi enn fremur til dóms Félagsdóms í máli nr. 4/1998.

*Málsástæður og lagarök stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.*

Stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar tekur undir þau sjónarmið sem meðstefndi, Reykjavíkurborg, setur fram í greinargerð sinni fyrir sýknukröfu.

Varðandi rökstuðning dómkröfu með tilvísun til reglna um félagafrelsi er tekið fram af hálfu stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, að enginn ágreiningur sé um heimild verkfræðinganna til þess að segja sig úr félaginu eða heimild þeirra til þess að ganga í annað félag. Þá sé enginn ágreiningur um að gangi þeir í stéttarfélag, sem uppfyllir skilyrði laga nr. 94/1986 til þess að öðlast rétt til þess að vera sammingsaðili gagnvart meðstefnda, Reykjavíkurborg,

þá geti slíkt félag gert kröfu um kjarasamning um störfin næst þegar kjarasamningar séu lausir. Hins vegar sé það afstaða stefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, að þótt umræddir einstaklingar kjósi að standa utan félagsins þá sé kjarasamningur félagsins engu að síður bindandi um störf þeirra til loka kjarasamningstímabilsins. Þessi afstaða sé í fullu samræmi við niðurstöðu Félagsdóms frá 22. september sl. í málinu nr. 4/1998, en þar var dæmt að skylda til greiðslu gjalds til félags sem farið hafði með félagsaðild launþega samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986, væri hvorki andstæð félagafrelsi skv. stjórnarskrá né mannréttindasáttmála Evrópu eða grunnreglunni í 4. gr. laga nr. 80/1938.

Stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hafi farið með samningsumboð fyrir framangreinda verkfræðinga við síðustu kjarasamningsgerð. Enginn ágreiningur sé í málinu um að verkfræðingarnir hafi þá verið félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Í gildi sé kjarasamningur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og meðstefnda, Reykjavíkurborgar, um störf verkfræðinganna hjá borginni með gildistíma til loka október árið 2000. Þessi samningur breytist ekki þótt verkfræðingarnir kjósi að ganga úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar á samningstímanum og standi utan félaga eða gangi í annað félag eftir atvikum.

Á gildistíma kjarasamnings ríki friðarskylda. Friðarskyldan nái til starfsmanna á þann hátt að styðjist ráðningarsamningur við kjarasamning þá sé það bindandi út samningstímann. Starfsmenn geti því ekki krafist þess að verða fluttur milli kjarasamninga nema þegar kjarasamningar eru lausir. Svo sé ekki í þessu tilviki. Gildandi kjarasamningur verði fyrst laus þann 1. nóvember árið 2000.

Það blasi reyndar við, ef fallist yrði á sjónarmið stefnanda um að verkfræðingarnir geti flutt sig á milli kjarasamninga á miðju samningstímabili, að þá gangi ekki lengur upp það kerfi sem friðarskyldan byggist á. Með gerð kjarasamnings Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar hafi borgin mátt treysta því að greiddi hún þau laun sem um hafi verið samið í kjarasamningnum, vegna þeirra starfa sem hann taki til, yrði friður um þau laun út samningstímabilið. Í kröfu stefnanda felst að verkfræðingarnir geti nú einhliða breytt kjörum sínum hjá Reykjavíkurborg, þ.e. án þess að borgin hafi nokkuð um það að segja.

Þótt verkfræðingarnir gangi í nýtt stéttarfélag gildi samningur



Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar við meðstefnda, Reykjavíkurborg, áfram um störf þeirra út samningstímamann. Þessi skilningur sé í samræmi við þá framkvæmd á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem verið hafi allt frá gildistöku þeirra. Vísast um það til sameiginlegrar túlkunar fulltrúa Launaneftdar sveitarfélaga, launaskrifstofu ríkisins og Reykjavíkurborgar sem fram komi í tölulið 5 í bréfi þeirra frá 13. janúar 1989. Þessi skilningur sé einnig í samræmi við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 sem telja verði að feli í sér almenna grundvallarreglu um gildi kjarasamninga, sem einnig beri að beita í samskiptum vinnuveitenda og stéttarfélaga sem semja samkvæmt lögum nr. 94/1986. Þá komi sami skilningur fram í greinargerð með 6. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar mótmælir því að dómur Félagsdóms í málum nr. 16/1995 og 9/1997 hafi fordæmisgildi varðandi niðurstöðu í þessu máli. Í hvorugu tilvikinu hafi verið gerð krafa um að starfsmaður flyttist milli kjarasamninga á óloknu samningstímabili. Þá hafi legið fyrir að um var að ræða félög sem höfðu lögbundið samningsumboð skv. 3. tölulið 5. gr. laga nr. 94/1986.

Stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar kannast ekki við, eins og haldið sé fram í stefnu, að félagsmenn hafi flutt sig yfir í fagstéttarfélög á gildistíma kjarasamnings og fengið í framhaldinu greidd laun samkvæmt öðrum kjarasamningi.

Með vísan til framangreinds mótmælir stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar því að stefnandi geti fengið viðurkennda samningsaðild gagnvart Reykjavíkurborg fyrir verkfræðingana þrjá fyrir en í fyrsta lagi 1. nóvember árið 2000 og þá einungis að uppfylltum almennum skilyrðum laga nr. 94/1986. Á sama hátt geti verkfræðingarnir ekki einhliða breytt kjarasamningsbundnum kjörum sínum á gildistíma kjarasamningsins. Því beri að sýkna stefndu af öllum dómkröfum stefnanda.

Málskostnaðarkrafan er reist á 130. gr. laga nr. 91/1991.

*Niðurstæða.*

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 26. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ágreiningslaust er að tilgreindir þrír verkfræðingar fengu greidd laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og voru félagar í því stéttarfélagi er sá

kjarasamningur var gerður. Þá er óumdeilt að verkfræðingum þessum var frjálst að segja sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og ganga í Stéttarfélag verkfræðinga. Þá liggur ekki annað fyrir en þeir gegni sem fyrr sömu störfum hjá embætti borgarverkfræðings.

Í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir svo: „Meðlimur stéttarfélags hættir að vera bundinn af samþykktum félags síns og sambands þess, þegar hann samkvæmt reglum félagsins er farinn úr því, en samningar þeir, sem hann hefur orðið bundinn af, á meðan hann var félagsmaður, eru skuldbindandi fyrir hann, meðan hann vinnur þau störf, sem samningurinn er um, þar til þeir fyrst gætu fallið úr gildi samkvæmt uppsögn.“ Það leiðir af þessari grunnreglu, sem einnig á sér stoð í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að tilgreindir verkfræðingar eru eftir sem áður bundnir af kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar út samnings tímabilið til 31. október árið 2000. Sú samningsskuldbinding felur ekki í sér skerðingu á frjálsri stéttarfélagsaðild þeirra. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu í málskostnað 75.000 krónum hvorum. Ekki er tekið tillit til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Reykjavíkurborg og Starfsmannfélag Reykjavíkurborgar, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Stéttarfélags verkfræðinga, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda Reykjavíkurborg 75.000 krónur í málskostnað og stefnda Starfsmannfélagi Reykjavíkurborgar 75.000 krónur í málskostnað.